41. fundur stjórnar LH 2024-2026
30. september 2026 kl. 17:00
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mætt úr aðalstjórn: *Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sóley Margeirsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.*
Mætt úr varastjórn: *Ragnhildur Gísladóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Hilmar Guðmannsson, Jón Þorberg Steindórsson.*
Á fjarfundi: *Reynir Atli Jónsson*
Forföll boðuðu*: Ólafur Þórisson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir.*
Fundargerð ritar*: Berglind Karlsdóttir*

1. Viðhorf til hestamennsku - kynning á könnun frá Prósent (sjá viðhengi)
   Útbreiðslunefnd LH stóð fyrir könnun um viðhorf til hestamennsku í samstarfi við fyrirtækið Prósent sem sérhæfir sig í markaðsrannsóknum. Könnunin var send á 2000 manns, 18 ára og eldri og var svarhlutfall 50%. Gögnum var safnað í apríl 2026.

   Niðurstöður gefa til kynna að hestamennska nýtur almennt mjög jákvæðrar ímyndar meðal þjóðarinnar, ímyndin tengist fyrst og fremst útiveru, íslenska hestinum og heilbrigðu tómstundastarfi. Um 12% landsmanna stunda hestamennsku í dag en 20% segjast áður hafa stundað hestamennsku en ekki gera það lengur og þriðjungur þeirra segjast hafa áhuga á að stunda hana aftur. Áhugi á aukinni þátttöku í hestmennsku er mestur meðal yngsta aldurshópsins (18-34 ára). Aðgengi er stærsta áskorunin, nær helmingur landsmanna teljur hestamennsku óaðgengilega.

2. Landsþing 2026
   Farið yfir drög að dagskrá og ýmis praktísk atriði í undirbúningi Landsþings. Kjörnefnd er tekin til starfa, sitjandi stjórn þarf að skila til þeirra framboði sínu í síðasta lagi 2. október. Fundarstjóri verður Guðríður Arnardóttir, fundarritari Elísabet Garðarsdóttir. Rætt um tillögu stjórnar um breytingar á lögum LH og tillögur úr milliþinganefndum. Rætt um veitingu gullmerkja LH. Samþykkt að þinggjald verði kr. 16.000- á hvern þingfulltrúa.
   Afgreiðsla: Til frekari umræðu á næsta stjórnarfundi.

3. Önnur mál
   a. Hestar fyrir alla
      Nefnd um Reiðskóla fyrir fatlaða og hefur unnið að verkefni sem hefur hlotið nafnið „Hestar fyrir alla“. Nefndin er skipuð fulltrúum allra hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Markmið verkefnisins er að stuðla að auknu aðgengi fatlaðra og þeirra sem á stuðningi þurfa að halda, að hestamennsku með því að koma á laggirnar samstarfi milli hestamannafélaganna með fjárhaglegum stuðningi sveitarfélaga og einkaaðila. Lagt er til að verkefnið verði fyrst um sinn undir merkjum LH og óskað er eftir samþykki stjórnar til að leita styrkja frá sveitarfélögum og einkaaðilum í verkefnið.
      Afgreiðsla: Stjórn LH lítur verkefnið jákvæðum augum og fagnar framtaki til að auka aðgengi fatlaðra að hestamennsku. Samþykkt að verkefnið verði fyrst um sinn undir merkjum LH.

b. Dagsetning Íslandsmóts – erindi frá landsliðs- og afreksnefnd – framhald umræðu
Landsliðs- og afreksnefnd óskar eftir að Íslandsmót 2027 verði haldið dagana 16.-20. júní 2027 til að tryggja landsliðinu nægan tíma til undirbúnings fyrir HM sem hefst 27. Júlí eða viku fyrr en venjulega. Í aðdraganda mótsins er Íslandsmótið einn mikilvægasti hlekkurinn þegar kemur að því að velja fulltrúa Íslands til þátttöku á mótinu.
Afgreiðsla: Samtal hefur átt sér stað við RML um sýningar- og keppnisdagskrá næsta árs og eru aðilar sammála um að reyna að létta dagkrá kynbótasýninga í Íslandsmótsvikunni. Mótshaldarar, Hestamannafélagið Skagfirðingur, er jákvæðir gagnvart dagsetningunni. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Fák um dagsetningar Reykjavíkurmóts.

c. Starfsmaður skrifstofu í hækkað starfshlutfall
Framkvæmdastjóri óskar eftir samþykki stjórnar fyrir því að hækka starfshlutfall starfsmanns á skrifstofu úr 60% í 80% vegna stöðu verkna.
Afgreiðsla: Samþykkt með fyrirvara um að til 9 mánaða uppgjör sýni jákvæða stöðu fjárhags LH.

d. Vinnuhópur um framtíðarsýn Landsmóta - framhald umræðu
Óskað hefur verið eftir tilboðum frá aðilum í verkefnastjórn.

e. Hagspor hestamennskunnar – drög að samkomulagi (sjá fylgiskjal)
Drög að samkomulagi um greiningu á hagspori hestamennskunnar á Íslandi liggja fyrir, samkomulagið er milli LH, Bændasamtaka Íslands, Háskólans á Hólum, Samtaka ferðaþjónustunnar og Félags tamningamanna. Í samkomulaginu er gerð grein fyrir áætlun um framvindu verkefnisins og fjármögnun skýrslunnar

f. Beiðni um aðgang að gögnum í Sportfeng – erindi frá Hringdu
Hringdu óskar eftir API-aðgang að gögnum úr Sportfeng til að geta miðlað upplýsingum um mót íslenska hestsins með aðgengilegum hætti á vefnum hestaleit.is.
Afgreiðsla: Beiðninni er hafnað. LH er samningsbundið í þróunar- og rekstrarsamstarfi við Horseday er varðar nýtt mótakerfi og miðlun upplýsinga úr mótahaldinu, beiðni Hringdu samræmist ekki ákvæðum samningsins.

g. Skipun valnefndar
Úr stjórn LH: Ólafur Gunnarsson formaður, Unnur Rún Sigurpálsdóttir
Fulltrúi HÍDÍ: Ketill Björnsson
Fulltrúi GDLH: Haukur Bjarnason
Fulltrúi FT: Mette Mannseth
Fulltrúi fjölmiðla: Hulda Finnsdóttir
Starfsmaður nefndarinnar Katla Gísladóttir.
Afgreiðsla: Samþykkt.

h. Formannafundur ÍSÍ verður haldinn 20. nóvember, formanni og framkvæmdastjóra falið að mæta á fundinn f.h. LH.
i. Landsliðshópar 2026-2027 verða kynntir í lok næstu viku.

j. Vigdís Matthíasdóttir hefur verið ráðin yfirþjálfari Hæfileikamótunar til tveggja ára. Umsóknarfrestur um þátttöku í Hæfileikamótun rennur út í dag og stefnir í metumsóknir.
k. Menntaráðstefnan LH og FEIF var haldinn í Skagafirði 23.-25. September. Ráðstefnan var frábærlega vel heppnuð, yfir 120 þátttakendur frá ýmsum löndum. Mikill metnaður var lagður í dagskrá og allt skipulag. Stjórn færir menntanefnd og öllum þeim sem komu að undirbúningi ráðstefnunnar kærar þakkir.
l. NICH fundurinn hefst á föstudag. Á dagskrá er endurskoðun reglna um norðurlandamót, hestavelferðarmál, undirbúningur fyrir FEIF þing ofl.
m. Fyrirhuguð er hækkun aðildargjalda til FEIF. Aukaformannafundur verður haldinn 8. október til að samþykkja gjaldskrárbreytingu í fyrstu umræðu. Formanni falið að fá upplýsingar um gjaldskrárbreytingar og senda á stjórn LH til samþykktar.

Fundi slitið kl. 20:00